

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Efra-Sel, golfvöllur, L203094, byggingarreitur stækkaður.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Efra-Sels. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits á lóðinni Selsvegur 2 þar sem heimilt verður að reisa starfsmannabústað til bráðabirgða.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. apríl 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. júní 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2026